



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
10. fundur 2016 (65. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 16.12.2016 kl. 10:00 í Flugturninum við Nauthólsveg í Reykjavík.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Kristinn Halldórsson boðaði forföll.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – staða mála

Formaður skipulagsnefndar rakti gang mála varðandi aðalskipulag Keflavíkurflugvallar frá síðasta fundi. Í hnotskurn snýst málið um að Skipulagsstofnun hefur efasemdir um uppbyggingaráform á Keflavíkurflugvelli og hefur rætt um að vísa ágreiningi þar um til umhverfisráðherra til ákvörðunar. Skipulagsstofnun var sent bréf þann 17.10.2016 með ósk um frekari skýringar á afstöðu stofnunarinnar og með ósk um fund um málið. Bréfinu hefur ekki verið svarað.

Spurst var fyrir um málið með tölvupósti þann 06.12. s.l. hjá Skipulagsstofnun og því svarað samdægurs að svar myndi berast bráðlega, en ekkert hefur borist enn frá Skipulagsstofnun. Skipulagsfulltrúi hefur gert tímasett yfirlit yfir feril málsins og þróun samskipta við Skipulagsstofnun og af því má ráða að stofnunin hefur brotið alla lögbundna fresti í meðferð málsins. Formanni var falið að fylgja málinu eftir við Skipulagsstofnun.

Formaður nefndarinnar hefur átt fund með fulltrúum innanríkisráðuneytisins um málið og gert þeim grein fyrir stöðu þess. Ákveðið var á þeim fundi að aðhafast ekki í bili og meta framvindu málsins síðar.

2. Deiliskipulag Keflavíkurflugvelli – staða vinnu við drög

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir vinnu skipulagsráðgjafa við gerð deiliskipulags á Háaleitishlaði og á Vestursvæði. Fram kom að samráð er við Reykjanesbæ um gerð deiliskipulags á Háaleitishlaði.

3. Arnarvöllur 2 - grenndarkynning

Grenndarkynning stendur yfir og rennur út frestur til að gera athugasemdir þann 20.12.2016.



Frestað.

4. Kjóavöllur 4 – fyrirspurn, grenndarkynning

Lögð var fram fyrirspurn um útbyggingu til norðurs á Kjóavöllum 4. Skipulagsnefnd samþykkti að fram fari grenndarkynning vegna stækkunarinnar hjá eigendum húsa að Arnarvelli 2 og 4, og Blikavelli 1, 3 og 5.

5. Fálkavöllur 1

ACE Handling sækir um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám við Fálkavöll 1. Skipulagsnefndin samþykkti stöðuleyfi til eins árs. Sigurður Thoroddsen sat hjá við afgreiðslu málsins.

6. Fálkavöllur 1

WOW sækir um stöðuleyfi fyrir 4 gáma við Fálkavöll 1. Skipulagsnefndin samþykkti stöðuleyfi til eins árs. Sigurður Thoroddsen sat hjá við afgreiðslu málsins.

7. Fálkavöllur 2

IGS sækir um stöðuleyfi fyrir frystiklefa við Fálkavöll 2.

Hafnað.

8. Blikavöllur 5

Lögð var fram fyrirspurn um heimild til gisti- og hótélrekstrar að Blikavelli 5. Fyrirspurnin er samhljóða fyrirspurn sem svarað var neitandi á fundi nefndarinnar þann 22.07.2016. Skipulagsfulltrúi hefur svarað erindinu með vísan til fyrra svars og er skipulagsnefndin sammála því svari.

9. Blikavöllur 2 – hótél

Lögð var fram fyrirspurn um heimild til að byggja annars vegar 0,97 m og hins vegar 0,59 m út fyrir byggingarreit eða samtals á báðum stöðum um 5 m². Skipulagsnefndin samþykkti að fram fari grenndarkynning vegna stækkunar byggingarreitsins, en þar sem enginn hefur hagsmuna að gæta að mati nefndarinnar fellur grenndarkynningin niður. Skipulagsnefndin samþykkti breytinguna. Sigurður Thoroddsen greiddi atkvæði gegn afgreiðslu málsins.

10. Fálkavöllur 27

Kynntar voru framkvæmdir sem standa yfir við byggingu flugskýlis að Fálkavelli 27.

11. Fundur með innanríkisráðuneytinu

Formaður skipulagsnefndar greindi frá fundi sem hann átti með innanríkisráðuneytinu. Gerði hann þar grein fyrir samskiptum skipulagsnefndarinnar við Skipulagsstofnun vegna aðalskipulags Keflavíkurflugvallar.

Fulltrúar innanríkisráðuneytisins kynntu á fundinum fyrirhugaðar breytingar á starfsreglum skipulagsnefndarinnar. Breytingarnar felast einkum í því að skerpt er á hlutverki nefndarinnar. Ný grein er um að fulltrúar sem skipaðir eru af ráðherra eru með sama skipunartíma og ráðherra situr sem slíkur.

Rætt var um heimasíðu skipulagsnefndarinnar á fundinum.



12. Minnisblað Sigurðar Thoroddsen

Sigurður Thoroddsen lagði fram eftirfarandi minnisblað:

Keflavíkurflugvöllur, flugstöðvarsvæði:

Á næsta fundi Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 16. desember 2016, verða til umfjöllunar: Tvær deiliskipulagsbreytingar, 3 umsóknir um stöðuleyfi, 1 fyrirspurn og 2 byggingaráform.

Til að tryggja faglega umfjöllun og samræmi, tel ég rétt að upphaflegt staðfest deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis Keflavíkurflugvallar frá 25. mars 1997 með öllum síðari breytingum, verði lagt fram á fundinum.

Ennfremur að tryggt verði, að deiliskipulagsbreytingar þær sem nú eru til umfjöllunar verði í samræmi við hugmyndir að heildarendurskoðun deiliskipulags Flugstöðvarsvæðisins og möguleikum verði ekki lokað.

Jafnframt legg ég til að á næstunni verði óskað eftir við byggingarfulltrúa að hann mæti á fundi nefndarinnar til samráðs og skoðanaskipta.

S.Th.

Skipulagsnefndin samþykkti að óska eftir að byggingarfulltrúi Sandgerðis komi á næsta fund nefndarinnar.

13. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður þann 20.01.2017.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/ layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx>